



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjaneshæð • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

Reykjaneshæð
b.t. Kjartans M. Kjartanssonar bæjarstjóra
Tjarnargötu 12

230 REYKJANESBÆR

Reykjaneshæð	110
Mótt.	27.06.2019
Lykill	00.11.02
Málsnr.	201906 0465
Ábm.	KMK/AJ

Reykjaneshæð 24. júní 2019.

Efni: Afstaða sveitarfélaga vegna samstarfs safna – ábyrgðarsöfn.

Á fundi stjórnar S.S.S. nr. 745 sem haldinn var mánudaginn 24. júní var erindi frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu á dagskrá stjórnar. Í erindi ráðuneytisins kom m.a. fram ósk um afstöðu og vilja S.S.S. um að ráðast í gerð fýsileikakönnunar um samstarf og sameiningu safna á svæði S.S.S.

Meðfylgjandi bréfi þessu er afrit af erindi ráðuneytisins en stjórn S.S.S. óskar eftir afstöðu aðildarsveitarfélaga til erindisins. Þess er jafnframt farið á leit að erindinu verði svarað fyrir 25. júlí.

Virðingarfyllst,

Berglind Kristinsdóttir

Berglind Kristinsdóttir
framkvæmdastjóri.



CM-1249

8

MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500

postur@mennta.is · menntamalaraduneyti.is

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Skógarbraut 945
262 ReykjanesbæReykjavík 23. maí 2019
Tilv.: MMR19010004/12.0-

Efni: Bygðaaætlun 2018-2024. C14 samstarf safna - ábyrgðarsöfn

Í þingsályktun um stefnumótandi bygðaaætlun fyrir árin 2018-2024 fer mennta- og menningarmálaráðuneyti með ábyrgð á verkefni C14, samstarf safna - ábyrgðarsöfn en markmið þess er að efla safnastarf í landshlutum.

Nánar er verkefninu svo lýst í þingsályktuninni.

„Landshlutasamtökum sveitarfélaga verði falið að gera fýsileikakönnun um aukið samstarf eða sameiningu safna á sínu svæði í samstarfi og samráði við höfuðsafn og viðurkennt safn með vísan til 13. gr. safnalaga, nr. 141/2011, auk safnaráðs. Árangur af verkefninu verði mældur í fjölda safna sem hefja samstarf eða sameinast.“

Framkvæmdaraðili eru landshlutasamtök sveitarfélaga, en dæmi um samstarfsaðila eru Safnaráð, Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands.

Með vísan til ofangreinds óskar ráðuneytið eftir afstöðu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og vilja til að ráðast í gerð slíkrar fýsileikakönnunar um samstarf og sameiningu safna á sínu svæði. Óskað er eftir að kostnaðaráætlun fylgi svari.

Fer ráðuneytið þess á leit að svar við fyrirspurninni berist því fyrir 25. júní n.k.

Fyrir hönd ráðherra


Karitas H. Gunnarsdóttir


Þórarinn V. Sólmundarson

Ljósrit: Safnaráð, Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands

Dags:	29/5/19
Mótl:	